



Landsamband lögreglumanna

Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Pósthólf 5006 • Sími 562 4411 • Fax 562 5011

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1528

komudagur 17/4 1996

Reykjavík 17. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 80/1938, 415. mál.


Framkvæmdastjórn Landsambands lögreglumanna þakkar fyrirspurn yðar og sendir eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

Framkvæmdastjórnin krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka á grundvelli þess að um samskiptareglur á vinnumarkaði sé eðlilegra að semja í millum aðila en að knýja fram breytingar með lögþvingunum, gegn vilja þeirra sem undir þau heyra.

Framkvæmdastjórnin telur alvarlega ágalla felast í auknu valdi sáttasemjara til að þvinga fram miðlunartillögu og láta hana ganga yfir fleiri aðila en viðkomandi stétt. Jafnframt telur hún óeðlilegt að stéttarfélög hafi ekki sjálfsákvörðunarrétt um framkvæmd atkvæðagreiðslu, varðandi niðurstöðu kjarasamninga.

Að öðru leiti vísast til umsagnar Bandalags starfsmanna ríkis- og bæja sem framkvæmdastjórnin lýsir sig sammála.

Virðingarfyllst,


Jónas Magnússon
formaður.